



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

Ársreikningur 2022

Menntaskóli Borgarfjarðar ehf.

Borgarbraut 54

310 Borgarnes

kt: 530606-0900

Efnisyfirlit

Bls.

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar.....	8

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Menntaskóla Borgarfjarðar ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, eiginfjáryfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og skólameistari eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og skólameistari eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Staðfesting vegna annara ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Garðabær 2. mars 2023

Endurskoðun og Ráðgjöf ehf.

Rafræn undirritun

Eymundur Sveinn Einarsson

Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Tilgangur félagsins er að annast rekstur framhaldsskóla í Borgarnesi. Kennsla í skólanum hófst á haustmánuðum 2007.

Rekstur ársins 2022

Á árinu 2022 starfaði að meðaltali 22,5 starfsmenningar hjá félaginu í 18,44 stöðugildum og námu laun og launatengd gjöld 223,0 m.kr. Af þeirri fjárhæð voru rúmar 2,1 m. kr. greiddar til stjórnarsetu í stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar. Árið 2021 störfuðu 20 starfsmenn í að meðaltali í 18,3 stöðugildum. Nemendur árið 2022 voru á vorönn 149 og á haustönn 165. Til samanburðar voru nemendur á vorönn 2021 152 og nemendur á haustönn sama ár 163. Nemendur í fullu námi árið 2021 voru að meðaltali 121. Fullt nám er skilgreint sem 30 einingar á önn. Að meðaltali var nemendafjöldi miðað við fullt nám árið 2022 hjá Menntaskóla Borgarfjarðar 125 nemendur.

Tap varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 11,1 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 112,2 m.kr. samkvæmt efnahagsreiningi. Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddu arður af hlutafé vegna rekstrarársins 2022 en að öðru leyti vísast til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Frá árinu 2020 hefur verið rekið skólaþróunarverkefni við Menntaskóla Borgarfjarðar. Það er ákvörðun stjórnar og stjórnenda skólans að gera ráð fyrir tapi á rekstri félagsins meðan á því stendur. Fyrir liggur að fjárfestingar og launakostnaður félagsins er hærri vegna þeirra breytinga sem verið er að gera í tengslum við verkefnið. Tap ársins 2022 varð þó meira en ráð var fyrir gert, þar er um að ræða að launaliðir urðu hærri en í áætlunum. Áætlanir gera ráð fyrir því að jafnvægi verðið komið á rekstur félagsins árið 2025.

Hluthafar

Hlutafé félagsins nam 161,1 m.kr. í árslok 2022. Hluthafar í félaginu voru 156 í árslok 2022, (157;2021). Eftirtaldir eru 10 stærstu hluthafar í félaginu í árslok 2022:

	Eignarhlutur	%
Borgarbyggð.....	148.200.000	91,98%
Steypustöðin ehf.....	9.000.000	5,59%
Kaupfélag Borgfirðinga.....	1.000.000	0,62%
Skorradalshreppur.....	1.000.000	0,62%
Nepal hugbúnaður ehf	250.000	0,16%
Gina Bjarnason.....	100.000	0,06%
Hans Pétur Diðriksson.....	100.000	0,06%
Pétur Geirsson.....	100.000	0,06%
Vilhjálmur Diðriksson.....	100.000	0,06%
Stéttarfélag Vesturlands.....	50.000	0,03%

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar

Að áliti stjórnar og skólameistara Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok rekstrarárs, rekstraráangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2022 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 2. mars 2023

Stjórn:
Rafræn undirritun

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Rekstrarframlag ríkis		269.550.000	266.192.001
Tekjur frá nemendum		5.726.500	5.417.700
Sala mötuneyti		8.162.482	6.990.360
Aðrar tekjur		5.573.036	1.953.000
		<u>289.012.018</u>	<u>280.553.061</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld		223.083.051	201.027.139
Rekstur húsnæðis		46.424.950	46.391.358
Rekstur tölvukerfis, áhöld og símakostnaður		6.975.310	7.482.951
Aðkeyptur akstur og rekstur bifreiða		777.300	679.061
Rekstur mötuneytis		6.054.538	5.763.313
Kennslutengdur kostnaður		2.565.801	1.308.365
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		12.074.123	18.632.038
		<u>297.955.073</u>	<u>281.284.225</u>
Rekstrarafkoma án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda		<u>(8.943.055)</u>	<u>(731.164)</u>
Afskriftir	4	(4.370.023)	(2.765.890)
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		<u>(13.313.078)</u>	<u>(3.497.054)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		3.328.137	826.360
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur		(834.675)	(186.940)
Gengishagnaður/(-tap)		124.081	(286.639)
		<u>2.617.543</u>	<u>352.781</u>
Hlutdeild í afkomu dótturfélags			
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага	5	(399.503)	(61.709)
		<u>(399.503)</u>	<u>(61.709)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins		<u>(11.095.038)</u>	<u>(3.205.982)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir

	Skýr	2022	2021
Fastafjármunir	4		
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Bifreið		106.500	213.000
Áhöld og tæki		14.391.957	12.450.758
		<u>14.498.457</u>	<u>12.663.758</u>
Fjáreignir			
Fjárfestingar í dótturfélögum	5	11.347.400	11.746.904
Eignarhlutir í öðrum félögum	6	130.000	100.000
		<u>11.477.400</u>	<u>11.846.904</u>
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur		6.024.732	4.813.039
Handbært fé	2	118.787.761	141.439.224
		<u>124.812.493</u>	<u>146.252.263</u>
Eignir samtals		<u>150.788.350</u>	<u>170.762.925</u>

Eigið fé og skuldir 31. desember 2022

	Skýr	2022	2021
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	7		
Hlutfé		161.097.500	161.097.500
Lögbundinn varasjóður		6.432.289	6.432.289
Óráðstafað eigið fé		(55.302.417)	(44.207.379)
		<u>112.227.372</u>	<u>123.322.410</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir	20	14.053.498	24.827.365
Aðrar skammtímaskuldir	21	24.507.479	22.613.148
		<u>38.560.977</u>	<u>47.440.513</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>150.788.350</u>	<u>170.762.925</u>

Sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		(11.095.038)	(3.205.982)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	4.370.023	2.765.890
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	5	399.503	61.709
Veltufé frá rekstri		<u>(6.325.512)</u>	<u>(378.383)</u>
 Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Skammtímakröfur		(1.211.693)	6.012.943
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(8.879.536)	13.820.901
		<u>(10.091.229)</u>	<u>19.833.844</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>(16.416.741)</u>	<u>19.455.461</u>
 Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum	4	(6.204.722)	(8.315.721)
Stofnfé Nýsköpunarnet Vesturlands		(30.000)	0
		<u>(6.234.722)</u>	<u>(8.315.721)</u>
 Breyting á handbæru fé		(22.651.463)	11.139.740
Handbært fé í ársbyrjun		<u>141.439.224</u>	<u>130.299.484</u>
 Handbært fé í árslok		<u><u>118.787.761</u></u>	<u><u>141.439.224</u></u>

Skýringar

1. Félagið

Menntaskóli Borgarfjarðar ehf. ("félagið") er einkahlutafélag með lögheimili að Borgarbraut 54, 310 Borgarnesi, Íslandi.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2.2. Matsaðferðir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða innlausn, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

2.3. Innlausn tekna

Tekjur af skólagjöldum eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta er innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra eða tengdan kostnað.

2.4. Tekjufærsla vegna áætlaðrar skerðingar

Ekki er gert ráð fyrir skerðingu vegna ársins 2022.

2.5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

2.6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Áhöld og tæki	3 - 5 ár
Bifreiðar	3 - 5 ár

2.7. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnistæður.

3. Starfsmannamál

Á árinu voru starfsmenn félagsins að meðaltali 22,5 talsins (2021: 20) í 18,44 stöðugildum (2021: 18,3).

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Áhöld, tæki og		Samtals
	Bifreið	innréttingar	
Kostnaðarverð 1.1.....	1.065.000	37.028.013	38.093.013
Keypt á árinu.....		6.204.722	6.204.722
Kostnaðarverð 31.12.....	1.065.000	43.232.735	44.297.735
Uppsafnaðar afskriftir 1.1.....	852.000	24.577.255	25.429.255
Afskrift ársins.....	106.500	4.263.523	4.370.023
Afskrift samtals.....	958.500	28.840.778	29.799.278
Bókfært verð.....	106.500	14.391.957	14.498.457
Fyrningarhlutfall.....	20%	20-30%	

Vátryggingarverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna greinist þannig:

Eignatrygging lausafjár.....	37.158.317
Víðtæk eignatrygging.....	6.687.122
	<u>43.845.439</u>

5. Fjárfestingar í dótturfélögum

Á árinu 2014 tók félagið ásamt Borgarbyggð þátt í stofnun einkahlutafélagsins Nemendagarða MB ehf. Borgarbraut 14, 310 Borgarnesi. Fjárfesting félagsins nam 12.0 m.kr. sem samsvarar 54,55% af hlutafé Nemendagarða MB ehf.

Á grundvelli 1. mgr. 68 gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 er ekki gerður samstæðureikningur þar sem samstæðan í heild fer ekki fram úr stærðarmörkum lítillar samstæðu. Móðurfélagið færir eignarhlut sinn í dótturfélagi til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð í samræmi við hlutdeild sína í eigin fé sbr. 1. mgr. 40. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

Eignarhlutur í dótturfélögum greinast þannig:	2022	2021
Fjárfesting í Nemendagörðum MB ehf. 1.1.	11.746.904	11.808.613
Hlutdeild í afkomu Nemendagarða MB ehf. 31.12.	(399.503)	(61.709)
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum samtals.....	<u>11.347.400</u>	<u>11.746.904</u>

6. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði og greinast eftirfarandi:

	Hlutdeild	Nafnverð	Megin starfsemi
SAGA jarðvangur ses.	2,9%	100.000	Atvinnu- og fræðslumál
Nýsköpunarnet Vesturlands.....	1,9%	30.000	Samráðs- og samstarfsvettvangur

Skýringar

7. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1.1.....	161.097.500	6.432.289	(44.207.379)	123.322.410
Afkoma ársins.....			(11.095.038)	(11.095.038)
Staða 31.12.....	161.097.500	6.432.289	(55.302.417)	112.227.372

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 161.1 m.kr. og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs. Allir útgefnir hlutir eru greiddir að fullu. Félagið á eigin hluti að nafnverði 20 þús.kr. sem færðir eru til lækkunar á eigin fé. Eigin hlutir nema 0,01% af heildarhlutafé félagsins. Eigið fé félagsins er bundið í samræmi við samþykktir félagsins.

8. Skattamál

Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2023 vegna rekstrarársins 2022. Félagið hefur fengið staðfestingu frá Ríkisskattstjóra um að það sé undanþegið skattskyldu.

9. Leigusamningar

Félagið er með samning um leigu á fasteign sem skilgreind er sem rekstrarleiga í samræmi við reglu reikningsskilaráðs nr. 6 sem gildir um meðferð leigusamninga í reikningsskilum leigutaka. samningstími er til ársins 2039 og nema leigugjöld ársins að heildarfjárhæð 39,6 m.kr. sem færð er meðal húsnæðiskostnaðar í rekstrarreikningi. Að leigutíma loknum hefur leigjandi forleigurétt að húsnæðinu. Samningurinn framlengist óbreyttur um eitt ár í senn hafi honum ekki verið sagt upp af leigjanda með a.m.k. eins árs fyrirvara. Leigufjárhæðin tekur breytingum í samræmi við húsaleiguframlag menntamálaráðuneytis til Menntaskóla Borgarfjarðar.

10. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila árið 2022 greinast eftirfarandi:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Borgarbyggð	46.371.060	2.568.648	465.869	4.981.450
Nemendagarðar MB ehf.	0	0	604.818	0
	46.371.060	2.568.648	1.070.687	4.981.450

11. Skuldbindingar

Á árinu 2013 var undirritaður þjónustusamningur milli Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Menntaskóla borgarfjarðar ehf. um kennslu á framhaldsskólastigi á grundvelli heimildar í 3. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Félagið hefur lagt fram tryggingabréf til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem félagið kann að valda vegna vanefnda þess á þjónustusamningi þessum allt að fjárhæð kr. 28,0 m.kr.